

## Umsókn um styrk

Vegna stuðnings við að rjúfa félagslega einangrun, viðhalda fægni og auka vellíðan eldri borgara á tímum COVID-19

Hafnarfirði, 6. apríl 2021

Hafnarfjarðarbær óskar eftir fjárhagslegum stuðningi til að auka og efla félagsstarf og stuðningsþjónustu við eldri borgara umfram hefðbundið félagsstarf og stuðningsþjónustu með hvatningu, fylgd í félagsstarf og heimahreyfingu með aðstoð starfsmanns. Enn fremur er sótt um styrk til að auka þekkingu og kenna eldri borgurum notkun snjalltækja. Sótt er um á grundvelli fjármagns vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi.

### 1. Verkefnaáætlanir

Sótt er um styrk til að geta boðið upp á kennslu á snjalltæki. Margir eldri borgarar eru mjög óöruggir í notkun snjalltækja. Samskipti við opinberar stofnanir td. umsóknir og fræðsla, eins og heilsuvera og fleiri vefsíður. Einnig fara samskipti við banka alltaf fram á netinu, sem veldur eldri borgurum áhyggjum og kvíða. Kunnátta á snjalltæki auðveldar einnig eldri borgurum að vera í samskiptum við aðstandendur nær og fjær og gefur þeim tækifæri t.d. að versla á netinu, leita sér fræðslu og tilboða.

Einnig er sótt um styrk til að geta boðið upp á heimahreyfingu. Margir veikburða eldri borgarar fara lítið út af sínum heimilum, eru bæði félagslega einangraðir og hreyfa sig lítið. Boðið væri upp á aðstoð starfsmanns við hreyfingu, t.d. stólaleikfimi á heimili einstaklingsins.

Að lokum er sótt um styrk til að veita eldri borgurum sem ekki eru að sækja félagsstarf eldri borgara í Hraunseli hvatningu og fylgd í félagsstarfið.

### 2. Tímalína

Sumarið 2021

### 3. Markhópar

Um er að ræða hóp eldri borgara sem eru félagslega einangraðir og hreyfa sig lítið og ekki hafa alist upp við rafræna þjónustu og eiga erfitt með að tileinka sér nýja tækni.

### 4. Samtarfsaðilar

- Félagsstarf eldri borgara Hraunseli
- Félag eldri borgara Hafnarfirði
- Ráðgjafi í málefnum eldri borgara
- Starfsmenn stuðningsþjónustu
- Tölvudeild Hafnarfjarðar



**HAFNARFJÖRÐUR**

**5. Fjárhagsáætlun**

	2.360.000		Námskeið í snjalltækjanotkun
	1.990.000		Heimabjálfun
	2.000.000		Hvatning og fylgd í félagsstarf
Samtals	6.350.000		

**6. Tengiliður sveitarfélag vegna umsóknarinnar**

Linda Hildur Leifsdóttir verkefnastjóri félagsstarfs eldri borgara [lindah@hafnarfjordur.is](mailto:lindah@hafnarfjordur.is)

---

Sjöfn Guðmundsdóttir